

Dómsmálaráðuneytið  
Sölvhólsgötu 7  
101 Reykjavík

Reykjavík, 8. apríl 2020  
Tilvísun ÞÍ: 2020031003/2.0

## **Efni: Umsögn Þjóðskrár Íslands um drög að frumvarpi til kosningalaga**

Hér eftir fara þær athugasemdir sem Þjóðskrá Íslands telur rétt að koma að um drög um frumvarp til kosningalaga.

### **Námsmenn á Norðurlöndunum og umsóknarkerfi**

Í 2. og 3. mgr. 4. gr. frumvarpsins er fjallað um kosningarétt námsmanna sem flutt hafa lögheimili sitt frá landinu samkvæmt Norðurlandasamningi um almannskráningu. Er ákvæðið sambærilegt núgildandi ákvæðum um kosningarétt þessa hóps. Bendir Þjóðskrá Íslands hins vegar á að öll frávik frá almennum reglum, eins og er við lýði varðandi námsmenn á Norðurlöndunum, flækir og gerir utanumhald um kosningar dýrari og flóknari en ella. Starfrækja þarf sérstakar umsóknir, úrvinnslu þeirra og samspil við útgáfu kjörskrár fyrir slíkar undanþágur frá almennum reglum.

### **Hlutverk Þjóðskrár Íslands**

Í 21. gr. frumvarpsins er fjallað um hlutverk Þjóðskrár Íslands, þar á meðal að stofnunin annist gerð og rekstur rafrænnar kjörskrár og beri ábyrgð á öryggi hennar, þrói og reki tölvukerfi sem notuð séu við framkvæmd kosninga á grundvelli þjónustusamnings við ráðherra. Þjóðskrá Íslands telur ekki sjálfsagt að hlutverk stofnunarinnar eigi að ganga lengra en að annast gerð rafrænnar kjörskrár. Ábyrgð á öryggi kjörskrár og rekstur tölvukerfa við framkvæmd kosninga snýr aðallega að framkvæmd kosninga og hvernig kjörstjórnir halda utan um sína vinnu. Eðlilegra gæti talist að Landskjörstjórn bæri ábyrgð á að þróa og reka tölvukerfi sem notuð eru við framkvæmd kosninga.

### **Tímasetningar kosninga**

Í 23.-26. gr. frumvarpsins er fjallað um tímasetningar kosninga. Hér bendir Þjóðskrá Íslands á að heppilegt gæti verið að hafa heimild í lögum til að fresta kosningum þegar sérstakar aðstæður koma upp í samfélaginu, líkt og raunin er í dag.

### **Gerð kjörskrár auglýst**

Í 30. gr. frumvarpsins kemur fram að Þjóðskrá Íslands sendi sveitarstjórnnum kjörskrá án endurgjalds. Telur Þjóðskrá Íslands óljóst hvað þetta merki. Er þarna verið að velta kostnaði af sveitarfélögunum yfir á ríkið eða Þjóðskrá Íslands?

### **Aðgangur stjórnálagasamtaka að kjörskrá**

Í 31. gr. frumvarpsins er fjallað um aðgang stjórnálagasamtaka að kjörskrá. Þar



kemur fram að stjórnmalasamtökum, sem bjóða fram lista við kosningar, og frambjóðendum í forsetakjöri sé heimilt að óska eftir rafrænum aðgangi að kjörskrá hjá Þjóðskrá Íslands. Þjóðskrá Íslands telur óljóst hvað felst í orðunum rafrænn aðgangur og mögulegt að túlka ákvæðið á fleiri en einn veg. Nauðsynlegt sé að skýra nánar hvað sé átt með rafrænum aðgangi. Er þarna um að ræða uppflættiaðgang á grundvelli einnar kennitölu í einu í senn eða er um að ræða kjörskrá í heild sinni á tölvutæku formi?

#### **Notkun rafrænnar kjörskrár**

Í 34. gr. frumvarpsins er fjallað um notkun rafrænnar kjörskrár. Hluti þeirra verkefna sem Þjóðskrá Íslands ber ábyrgð á samkvæmt ákvæðinu varða framkvæmd kosninga. Má velta upp þeirri spurningu, líkt og gert er hér að framan við 21. gr., hvort það sé eðlilegt að Þjóðskrá Íslands hafi slíkt hlutverk við kosningar eða hvort slíkt ætti að falla undir ábyrgð landskjörstjórnar.

#### **Reglugerðarheimildir**

Í 3. mgr. 41. gr. frumvarpsins kemur fram að ráðherra geti, að fengnum tillögum landskjörstjórnar sett með reglugerð fyrir mæli um að meðmælum skuli safna með rafrænum hætti með eyðublöðum eða viðmóti sem Þjóðskrá Íslands lætur í té. Þjóðskrá Íslands telur æskilegt að tekið sé fram með hvaða hætti rafræn auðkenning telst fullnægjandi. Taka þyrfti fram í reglugerð hvort miða eigi við fullgilda rafræna auðkenningu eða Íslykil.

#### **Kostnaður**

Í 139. gr. frumvarpsins er fjallað um kostnað við sveitarstjórnarkosningar. Þar kemur fram að sveitarfélög greiði fyrir kostnað vegna þeirra verkefna sem Þjóðskrá Íslands fer með en annar kostnaður, þ.m.t. kostnaður vegna þeirra verkefna sem Þjóðskrá Íslands fer með við kosningar, greiðist úr ríkissjóði. Stangast þetta ákvæði að einhverju leiti á við 30. gr. frumvarpsins og tilgreiningu kostnaðar þar.

F.h. Þjóðskrár Íslands

*Inga Helga Sveinsd.*

Inga Helga Sveinsdóttir  
Lögfræðingur